

Fundargerð 11. fundar ferðamálaráðs

4. september 2007 - kl. 8:15-9:30 í samgönguráðuneytinu

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK), formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH), varaformaður, Dagur B. Eggertsson (DBE), Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Sigurðsson (GS), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS) og áheyrnarfulltrúarnir; Helga Haraldsdóttir (HH), Magnús Oddsson (MO) og Ingilín Kristmannsdóttir (IK), sem ritaði fundargerðina.

Dagskrá:

1. Fundargerð 10. fundar ferðamálaráðs lögð fram til samþykktar.
2. Kynning á frumvarpi um breytingar á lögum um skipan ferðamála.
3. Kostir og gallar mögulegrar gjaldtöku af ferðamönnum á vinsælustu ferðamannastöðum landsins.
4. Öryggismál vegna ferðamanna á hálendinu.
5. Önnur mál.

Fundargögn:

1. Dagskrá 11. fundar ferðamálaráðs.
2. Fundargerð 10. fundar ferðamálaráðs.
3. Drög að frumvarpi til breytingar á lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála.
4. Umsögn ferðamálaráðs um þingsályktun um þjónustugjöld á ferðamannastöðum (2002).
5. Umsögn ferðamálaráðs um þingsályktun um græna ferðamennsku (1996).
6. Umsögn ferðamálaráðs um frumvarp til laga um náttúruvernd (1996) (Sjá sérstaklega umsögn um 35. gr).
7. Drög að niðurstöðu nefndar um “tekjuöflun af náttúruperlum” (1999).
8. Grein Magnúsar Oddsson úr Morgunblaðinu.
9. Tillögur ferðamálaráðs að mótvægisáðgerðum í ferðaþjónustu vegna skerðingar á aflaheimildum.

Í byrjun fundar upplýsti SK ráðsmenn um fund sinn og EKH með samgönguráðherra en þar var fjallað um tillögur ferðamálaráðs vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar í kjölfar skerðingar aflaheimilda. Fundur SK og EKH með iðnaðarráðherra vegna málsins er á döfinni.

1. Fundargerð 10. fundar ferðamálaráðs – Samþykkt samhljóða

2. Drög að breytingum á lögum um skipan ferðamála.

Svanhvít Axelsdóttir (SA), lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á lögum um skipan ferðamála.

Í kjölfar kynningar SA fóru fram umræður um möguleg úrræði sem hægt væri að grípa til í tilfellum þegar ítrekaðar kvartanir berast vegna sama ferðaskipuleggjanda.

SA taldi lögin um skipan ferðamála ekki hentugan vettvang til að taka á gæðamálum ferðaþjónustunnar. Í framhaldinu var rætt um möguleg úrræði s.s. notkun Internetsins, staðla, vottun gæðakerfa o.fl.

Formaður óskaði eftir því að SAF tæki saman greinargerð um mögulegar leiðir til að hvetja ferðaskipuleggjendur til að bæta gæði.

3. Kostir og gallar gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Ráðsmenn skiptust á skoðunum um kosti og galla og vörpuðu fram hugmyndum um mögulegar leiðir til að vernda náttúru Íslands fyrir of miklum ágangi og afla samhliða því meiri fjármunum til landverndar. M.a. var rætt um þjónustugjöld, frjáls framlög ferðamanna, umhverfisgjöld í tengslum við þanþol, náttúruverndarskatt, náttúruverndar- og öryggispassa o.fl.

Formaður óskaði eftir því að Ferðamálastofa og samgönguráðuneytið tækju saman lista yfir mögulega valkosti til að hlífa landinu og kanni hvaða leiðir hafa verið farnar í löndum sem hafa sambærilega náttúru og mikla umferð ferðamanna. Valkostirnir verða væntanlega ræddir á næsta fundi ráðsins.

Þá var rætt um samstarf við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og ákveðið að SK og EKH settu sig í samband við stjórnina.

4. Öryggismál

Umræður fóru fram um hvernig bæta megi öryggi ferðamanna. Rætt var um hvernig auka megi vitund ferðamanna um hættur á Íslandi t.d. í gegnum bækur, upplýsingamiðstöðvar, bílaleigur, náttúruverndar- og öryggispassa o.fl. Þá var rætt um ferli sem hjálparsveitir hafa boðið ferðamönnum upp á t.d. varðandi tilkynningar um ferðaáætlun o.þ.h.

EKH óskaði eftir því að samgönguráðuneytið aflaði frekari upplýsinga fyrir ráðið um ferli hjálparsveita, hugsanlega aðkomu neyðarlínunnar og skilyrði sem bílaleigur hafa sett leigutökum.

5. Önnur mál

SS hóf umræðu um VestNorden kaupstefnuna, sem hann telur standa höllum fæti. Ferðamálastjóri vísaði af því tilefni í könnun gerða meðan kaupstefnugesta sem sýndi að gestir voru almennt ánægðir. Formaður lagði til að ráðið fengi upplýsingar um niðurstöður fundar í október þar sem lagt verður mat árangur væntanlegrar kaupstefnu og framtíð hennar rædd.

GS lagði til að fundur yrði haldinn með Samtökum sveitarfélaga þar sem kynntar væru tillögur ferðamálaráðs vegna áður nefndra mótvægisáðgerða. Fundur er ráðgerður eftir að málið hefur verið kynnt í ríkisstjórn.